

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grýtubakkahreppi.

Sunnuhlíð.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps samþykkti á fundi sínum 26. október 2020 deiliskipulag fyrir frístundabyggðina Sunnuhlíð skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er rúmir 14 ha að flatarmáli og liggur norðan Grenivíkur í hlíðum Grenivíkurfjalls. Um er að ræða endurskoðun á eldra skipulagi frá 2006 og tekur skipulagið til 21 frístundalóðar auk veglagningar og fráveitumannvirkja.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grenivík, 26. október 2020.

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 10. nóvember 2020